

þkyrsia um skogrækt ríkisins á Hallormsstað árið 1939.

Skógurinn: í yfirlitsskýrslunni sem hér fylgir er sýnt hvað höggið hefur verið á árinu og viðast til hennar. En í heild hefur verið höggið sem hér segir.

| | stk. | kg. | hestb. |
|-----------|------|-----|--------|
| Eldiviður | 100 | 200 | |
| Eldiviður | | | 1051 |

Sala var með minna móti á þessu ári. Útlitið er fyrir að yfirstandandi óffiður hafi þau áhrif að eftirspurn verði eftir skógvíð, af því kol verða mjög dýr. Einkum er von fyrir markað á Eskifirði. Þar er enginn mótekja og engin raforka nema til ljósa. Einnig býst ég við að Eiðaskóla muni kaupa talsvert á þessu ári.

Fræ spratt alls ekki á skóginum. Sumarið einkum júní og ágúst voru óvenju hlýir og mikil sólfar, en purrkar voru miklir, frá júníbyrjun og sumarið út. Reyniviðarfræ var sama og ekkert í haust leið, hvorki hér eða í Ranaskógi.

Girðingin: Engar stærri endurbætur voru gerðar á girðinguunni, aðeins hinar venjulegu lagfæringgr eftir frost og snjóá vetrarins. Bilanir af völdum snjóþunga voru þó minni en venjulegar. Veturinn var mjög snjóléttur.

Veðurathuganir: Eins og undanfarid ár voru gerðar athuganir hér, en þær félleu niður um mánaðarmót sept. október, því þá brunnu mælarnir, er voru festir á smiðjukofan sem þá brann. Nýja hitamæla sendi veðurstofan í lok nóvember, en þeir voru í ólagi er þeir komu hingað og þess vegna hefur ekki enn verið hagt að taka upp athuganir að nýju. En það verður reynt að komu athugunum á svo fljótt sem unnt er. Viðbúið er að purfi að senda mælana suður til viðgerðar.

Niðurstöðutölurnar frá apríl-september eru þessar:

| | Meðalhiti C° | Úrkoma m.m. |
|-----------|--------------|-------------|
| Apríl | 2.4 - | 6.0 - - |
| Mai | | |
| Júní | 10.5 - | 24.0 - - |
| Júlí | 10.6 - | 19.2 - - |
| Ágúst | 13.2 - | 18.0 - - |
| September | 10.8 - | 16.7 - - |

Meðalhitinn júní til september hefur því verið 11.2° . í fyrra (1938) var meðalhitinn á saman tíma 9.8° . 1937 var meðalhiti sumarsins 10.2° .

Útreikningur á meðalhita hvers mánaðar er gerður eftir reglum þeim er veðurstofan setur.

Skógurinn varð grænn 28. maí.

Ryðsveppurinn gerði lítið vart við sig í summar.

Maðkur var dálítill í maí og júní, en hvarf er kom fram í júlí.

Framræsla: Gerður var skurður utan við Ormsstab, til þess að þurrka upp lónið og bæta vaxtarskilyrði uppvaxandi skógar þar. Verkið er komið nokkuð langt á vegum en ekki fullgert.

Græðireiturinn og gróðursetning:

Sáð var 1 kg. af birkifræi frá Skaptafelli 1938.

- - - 2 - - do -- - - - 1937.

- - ca 1 - - birkifræi ótiltekið hvaðan. að vorinu

- - 3 - - do - - - - - haustinu.

Breiðplantað var: Birki wa. 12.000

reynir - 11.000

Blágreni - 1.500

Alls: 24.500

Ribsstiklingar þeir er festu rætur í fyrra summar, voru fluttir til og nýjir stönglar settir í staðinn fyrir hina í deiglenda reitinn, en meiri partur þeirra festi ekki rætur og mun það að kenna hinum miklu gróðurþurrkum í summar.

Plantað var í skóginum: Larix sibirica ca. 2.200 stk. Plöntur þessar voru 6 ára upp af fræi frá Arkangilisk sem fengið var og sáð 1930. Plöntur þessar komu vel eftir að þær voru gróðursettar og summar hækkuðu talsvert í summar. Saman er að segja um lævirkjan sem plantaður var í fyrra og árið þar áður.

Útlátnar plöntur úr græðireitnum urðu eins og hér greinir að tölu og tegund:

A reikningum lævirkni 1.606 stk.

- - - - birki 8.802 -

- - - - reynir 6.093 -

- - - - fura 19 -

- - - - greni 620 -

Ekki á reikn. lævirkí

Plantað í skóginum 2.200 stk.

Sent til Eiða 600 - = 2.800.00

Samtals. 19.940.00

Enda þótt sumarið væri í heilu venju fremur hlýtt, komu þau hlýindi ekki að fullum notum vegna þurrkanna. Annars mátti telja nokkuð samilegan vöxt á plöntunum.

Viðbót við reitinn sem byrjað var að undirbúa í fyrra haust var nú lokið, en ekki plantað í hið nýja svæði nema að litlu leyti. Í svæði þetta var borinn húsdýraáburður í haust leið.

Áburður á reitinn var aukinn, og eru alls borinn á 600 kg. 10 itrophoska, 100 kg saltpétur og 42 vagnhlöss húsdýraáburður. Nokkur handverkfæri voru keypt til græðireitsins. Þá var byggður skúr yfir verkfæri og áhöld, rétt néðan við reitinn.

Námsskeið í trjárækt átti að halda eins og undanfarin ár, en aðeins 1 stúlka sótti námsskeiðið. Helga Þorkellsdóttir úr Borgarfirði vestra.

Vegurinn ofan Mörkina var malborinn, svo nú er hann góður umferðar.

Byggingar: Eins og drepid var á var reistur skúr eða verkfærageymsla við græðireitinn úr timbri og bárujárni, ca. 4x4 metrar. Einnig var keypt dálitið efni til viðhalðs á byggingum.

Smiðjukofi utan við íbúðarhúsið brann að faranótt 4. október. Eldur hafði komist í þekju smiðjunnar úr reykhólf fi íbúðarhússins. Hef ég ábur skýrt frá þessu í bréfi til skógræktarstjóra.

Ferðir fór ég hér um skógana í nágrenninu og eins að Eiðum til að athuga girðinguna þar og mun ég í sérstöku bréfi skyra frá ástandi skóga þessara.

Hallormsstað 3. janúar. 1940,
Gutormur Pálsson.